

Föstudaginn 12. okt. 1934.

Nr. 60/1934. **Kristófer Eggertsson**

(Stefán Jóh. Stefánsson)

gegn

Gunnari E. Benediktssyni og Þorleifi

Jónssyni (Enginn).

Fyrning skuldar.

Dómur gestaréttar Hafnarfjarðar 13. marz 1934: Stefndur, skipstjóri Kristófer Eggertsson, Akranesi, greiði stefnanda, Þorleifi Jónssyni, bæjarfulltrúa í Hafnarfiði, vegna málflutningsskrifstofu Gunnars E. Benediktssonar & Þorleifs Jónssonar, kr. 507,67, ásamt 6% ársvöxtum af hinni iðæmdu upphæð frá 1. janúar 1932 til greiðsludags og í málskostnað kr. 83,70.

Dóminum að fullnægja innan þriggja sólarhringa frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Þegar mál þetta var þingfest í hæstarétti mætti enginn af hálfu hinna stefndu. Hefir málið því verið rekið skriflega samkv. 38. gr. hæstaréttarlaganna, og er dæmt eftir N. L. 1.—4.—32. og 2. gr. tilsk. 3. júní 1796.

Áfrýjandi hefir krafizt þess, að hann verði sýknaður af öllum kröfum hinna stefndu, og að þeir verði dæmdir til að greiða honum málskostnað fyrir undirrétti og hæstarétti eftir mati réttarins.

Krafa sú, sem mál þetta er risið út af, er verzlunarskuld við firmað „Verzlun Böðvarssona“ í Hafnarfirði, sem stefndu telja sig hafa fengið framselda til eignar.

Það er upplýst í málinu, að á árinu 1920 réðst áfrýjandi í þjónustu firmans „Verzlun Böðvarssona“ í Hafnarfirði og starfaði hjá verzluninni sem skip-

stjóri þar til síðari hluta ársins 1923, og er áfrýjandi í bókum verzlunarinnar talinn skulda henni í árslok 1923 kr. 591,19, að meðtöldum vanreiknuðum kostnaði að upphæð kr. 20,45, er áfrýjanda voru færðar til skuldar á árinu 1924.

Um áramótin 1928—1929 réðst áfrýjandi aftur í þjónustu Böðvarssona og starfaði enn hjá þeim sem skipstjóri til síðari hluta ársins 1931 og var þá viðskiptareikningi hans við verzlunina haldið áfram, þannig að skuldin frá árinu 1923 var færð í hinn nýja viðskiptareikning hans, og virðist kaup hans á þessum árum hafa numið kr. 83,52 meira en úttekt hans á sama tíma, og er skuld hans í bókum verzlunarinnar í árslok 1931 talin 507,67 eða kr. 83,52 lægri en í árslok 1923.

Fyrir undirrétti hélt áfrýjandi því fram, að hann í raun og veru hafi ekki skuldað verzlun Böðvarssona neitt í árslok 1923, þótt bækur verzlunarinnar sýni hið gagnstæða, og komi það til af því, að honum hafi verið vanfærðar til tekna ýmsar upphæðir, sem hann þó hefir eigi gert nánar grein fyrir, en hér í rétti byggir áfrýjandi sýknukröfu sína eingöngu á því, að skuld þessi, þó einhver hafi verið sé nú fyrnd.

Það er nú eigi ágreiningur um það í málinu, að fullur fyrningarfrestur hefir verið liðinn, er áfrýjandi á ný gækk í þjónustu Böðvarssona um áramótin 1928—29, en hinir stefndu hafa haldið því fram í undirrétti, að áfrýjandi hafi jafnan viðurkennt skuldina frá 1923 og lofað að greiða hana af kaupi sínu hjá verzluninni árið 1929—31 og þessu til styrktar benda þeir á, að áfrýjandi hafi árlega fengið reikning frá verzluninni, þar sem skuldin hafi verið færð honum til útgjalda, og

hafi hann aldrei hreyft neinum athugasemdum við það.

Þessari staðhæfingu hinna stefndu hefir áfrýjandi mótmælt. Hann heldur því fram, að hann hafi ekki vitað um það, að Böðvarssynir hafi talið hann í skuld við verzlunina í árslok 1923, hann neitar því að hann hafi nokkurn tíma viðurkennt skuld þessa eða lofað að greiða hana, og loks neitar hann að hafa nokkurn tíma fengið reikninga frá verzluninni, er sýni skuld þessa.

Gegn þessari neitun áfrýjanda hafa stefndu eigi fært sönnur á, að áfrýjandi hafi sérstaklega viðurkennt skuldina frá 1923 eða lofað að greiða hana af kaupi sínu árin 1929—31.

Það hefir eigi heldur verið upplýst gegn neitun áfrýjanda, að hann hafi fengið reikninga yfir viðskiptin 1928—1931, þar sem skuld þessi hafi verið tilfærð, og viðurkenning hans á skuldinni með mótmælalausri viðtöku á slíkum reikningum kemur því eigi til álita. Loks bendir það, að áfrýjandi hefir fengið kaup sitt árin 1929—1931 greitt að fullu, að undanteknum kr. 83,52, sem er örlítill hluti af kaupi hans þessi ár, til þess að verzlun Böðvarssona hafi ekki veitt honum ástæðu til að halda, að hann yrði krafinn um hina umstefndu skuld.

Með því, að þannig brestur sönnun fyrir því, að hin umstefnda krafa hafi verið viðurkennd eftir að fyrningarfrestur hófst, 31. dez. 1923, verður að fallast á, að krafan hafi verið fyrnd, er mál þetta var höfðað í héraði, og ber því að fella hinn áfrýjanda gestaréttardóm úr gildi og sýkna áfrýjanda af kröfum stefndu, en eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður í héraði og hæstarétti falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandi, Kristófer Eggertsson, á að vera sýkn af kröfum stefndu, Gunnars E. Benedikts-sonar og Þorleifs Jónssonar í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og hæstarétti falli niður.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Með stefnu útgefinni 26. maímán. f. á. hefir stefnandinn, Þorleifur Jónsson, bæjarfulltrúi í Hafnarfirði, með heimild í lögum nr. 59, 1905, höfðað mál þetta gegn skipstjóra, Kristófer Eggertssyni, Akranesi, til greiðslu á skuld að upphæð kr. 507,67, er stofnuð hafi verið við firmað, Verzlun Böðvarssona, samkvæmt reikningi, er honum hafi verið framseld. Svo og til greiðslu 6% ársvaxta af upphæð þessari frá 1. jan 1932 og málskostnaðar samkvæmt reikningi, eða eftir mati réttarins. Skuld þessari hefir stefndur eða umboðsmaður hans mótmælt sem rangri og raka-lausri, og sem ósundurliðaðri og ef um nokkra skuld sé að ræða, sem hann mótmælir, þá sé hún fyrir löngu sið-an fyrnd lögum samkvæmt.

Kveðst stefndur á árinu 1920 hafa komið í þjónustu greinds firma og starfað þar sem skipstjóri í 2½ ár eða til miðs árs 1923 og hafi hann á því tímabili haft allmikil viðskipti við firma þetta og ýmist skuldað þar eða átt inni, en þegar hann fór á árinu 1923 hafi reikningar verið uppgærðir og honum greitt það, er hann átti inni, en úr því hafi hann starfað annarsstaðar, þar til hann í dez-ember 1928 hafi ráðizt af nýju sem skipstjóri hjá ofan-greindu firma og starfað þar til 1931 og hann þá ekkert skuldað firmanu heldur átt töluvert inni þar, sem eigi hafi verið fært honum til tekna, sem sé 1500 kr., eða kaup og fæði í 3 mánuði, eftir að hann fór frá skipinu Andey, sem hann þá hafi verið með undanfarin 2—3 ár, án upp-sagnarfrests eftir siglingarlögunum, minnst 3 mánaða, en á tímabilinu 1923—1929 hafi hann engin viðskipti haft við ofangreint firma, og hann enga reikninga fengið frá

firmanu þennan tíma, enda hann og eigi skuldað neitt og sé því um fyrnda skuld að ræða, ef nokkur sé eða hafi verið, sem hann mótmælir.

Undir rekstri málsins hefir stefnandinn lagt fram sundurliðaðan reikning fyrir tímabilið frá 1. janúar 1923 til 10. ágúst sama ár, er sýnir skuld frá f. ári, kr. 215,27, en við árslok kr. 591,19, og er svo upphæð þessi tilfærð árlega á reikningi firmans til ársloka 1927 eða 1. jan. 1928, en 7. dez. það ár eru stefnandanum færðar til skulda sem peningar kr. 200,00 og 31. sama mánaðar kr. 100, svo skuld við árslok 1928 reiknast kr. 891,19, en í árslok 1931 er skuld stefnds við firmað talin vera hin sama og hin umstefnda skuld, kr. 507,67, og heldur stefnandinn því fram í málinu, að hin umstefnda upphæð eigi sé fyrnd heldur lokaskuld frá þessum tíma, þar sem stefndum hafi árlega verið sendur reikningur yfir viðskiptin eins og föst venja hafi verið hjá firmanu með alla viðskiptamenn þess og stefndum þá vitanlegt, að fyrgreind upphæð, kr. 591,19, hafi verið honum tilfærð á árlegum reikningi og er viðskiptin byrjuðu aftur hafi hann samþykkt hana og á árinu 1929 greitt alla hina eldri skuld, svo og úttekt kr. 300 í desember 1927, en svo með áframhaldandi viðskiptum orðinn skuldugur verzluninni um kr. 643,15 og viðskiptin svo endað með hinni umstefndu skuldarupphæð. Kröfu stefnds útaf vanfærðum 1500 kr. í kaup og fæði, sem stefndur undir rekstri málsins hefir talið rétt að lög-sækja stefnanda fyrir með gagnsókn eða sérstaklega, hefir stefnandinn mótmælt sem endaleysu, en stefndur eigi gagnsótt hann fyrir. Með því að stefndur hefir haldið því fram, að endanleg uppgerð hafi farið fram á viðskiptum hans við oftgreint firma, bæði þegar þau enduðu 1923 og 1931, hlýtur honum að hafa verið kunnugt um reikningsfærslu firmans á einn eða annan hátt, í bæði skiptin, og þá einnig er hann hóf viðskiptin að nýju 1927, og þar sem engin grein er gerð fyrir því, á hvaða grundvelli öðrum en framlögðum reikningum firmans, sem eigi í einstökum liðum hefir verið mótmælt, uppgert hafi verið endanlega þeirra á milli, og loks hin umstefnda upphæð lægri en upphæð sú, sem talin er fyrnd vera, virðist svo sem sú upphæð hafi með samþykkt stefnds runnið inn í hin síðari viðskipti stefnds og firmans, beint eða óbeint, og hin

umstefnda upphæð því eigi talin fyrnd vera og ber því að taka kröfur stefnanda til greina, einnig að því er umkrafinn málskostnað, kr. 83,70, áhrærir.

Mánudaginn 15. okt. 1934.

Nr. 63/1934. **Valbjörg Kristmundsdóttir**

(Stefán Jóh. Stefánsson)

gegn

Páli Þorleifssyni (Enginn).

Barnsfaðernismál.

Dómur hæstaréttar.

Með bréfi dómsmálaráðuneytisins dags. 31. júlí 1933 var stefnanda máls þessa, Valbjörgu Kristmundsdóttur, samkvæmt heimild þeirri, sem veitt er í 30. gr. hæstaréttarlaganna, leyft að fá barnsfaðernismálið nr. 47/1932: Valbjörg Kristmundsdóttir gegn Páli Þorleifssyni af nýju tekið fyrir í hæstarétti, þótt það hefði verið dæmt þar að efni til þ. 24. okt. 1932. Samkvæmt leyfi þessu var málinu stefnt fyrir hæstarétt með stefnu dags. 26. okt. f. á., en því var vísað frá réttinum með dómi 9. apríl þ. á. fyrir þá sök, að sönnun þótti bresta fyrir því, að stefnan hefði verið löglega birt stefnda, er ekki lét mæta í réttinum.

En nú hefir Valbjörg Kristmundsdóttir, er fengið hefir gjafsókn og sér skipaðan talsmann, og leyfi til að leggja fram ný skjöl og skilríki, stefnt málinu á ný fyrir hæstarétt með stefnu dags. 23. apríl þ. á. og hefir hún gert þær réttarkröfur, að stefndi, Páll Þorleifsson, verði dæmdur faðir barnsins Emil Ottó, er hún ól fullburða þ. 26. júlí 1930, og